

Sviðslistadeild

Leikarabraut

Handrit þeirra mállausu

Sköpun á karakter án orða

Rannsakandi greinargerð til BA-prófs í leiklist

Rakel Ýr Stefánsdóttir

Vorönn 2019

Sviðslistadeild

Leikarabraut

Handrit þeirra mállausu

Sköpun á karakter án orða

Rannsakandi greinargerð til BA-prófs í leiklist

Rakel Ýr Stefánsdóttir

Kt.: 050796-3299

Leiðbeinandi: Ásgerður G. Gunnarsdóttir

Vorönn 2019

Útdráttur

Í þessari rannsakandi greinargerð fer ég yfir vinnuaðferðir mínar í uppsetningu Mutter Courage og börnin hennar eftir Bertolt Brecht. Í átta manna leikhóp undir leikstjórn Mörtu Nordal, var ég eini leikarinn sem var í sama hlutverkinu allt verkið. Það hlutverk er Katrín, dóttir Mutter Courage en sá karakter er mállaus. Ég lagði áherslu á að skoða hvernig maður semur sínar eigin línur sem mállaus leikari til að eiga samt sem áður í stöðugu samtali við samleikara sína. Ég fór yfir það hvernig maður skapar karakter með líkamanum og hvernig maður velur hvar áherslurnar liggja fyrir verkið í heild sinni. Ferðalagið mitt fólst í því að vinna gjarðir mínar og túlkun út frá texta annarra karaktera. Hlutverkið krafðist mikillar þolinmæði og hlustun. Ég skoðaði ástæður þess hvers vegna manneskja gæti verið mállaus á þann máta sem minn karakter var. Ég túlkaði að Katrín gæti greinst með kjörþögli (e. Selective Mutism) þar sem hún heyrði vel og skildi aðra. Ég vann aðferðir til þess að skapa sögu Katrínar í verkinu með því að semja minn eiginn texta með líkamstjáningu. Ég skoðaði mína eigin líkamlegu áverka og ýkti þá til þess að komast nær þeim áföllum sem Katrín hafði upplifað. Með góðri undirbúningsvinnu og líkamlegri karaktersköpun náði ég að skila túlkun og skapa sögu þessarar mállausu kvenpersónu.

Abstract

In this essay I detailed my method of approach during our production of *Mother Courage and Her Children* by Bertolt Brecht. In a group of 8 actors, under the direction of Marta Nordal, I was the only one who played the same role during the whole performance. The role is that of Catherine who is Mother Courage's mute daughter. My emphasis was put on examining how one writes their own lines as a mute character in an attempt to strengthen communication with the other characters. I described the usage of body language during the creation of a character and the process of choosing what elements to emphasize in the performance as a whole. My approach consisted of careful planning of my actions and reactions to the other character's dialogue. This role demanded a great deal of patience and that I listen attentively. I examined how a person might become mute in the way that my character had. I interpreted Catherine as a sufferer of Selective Mutism as she could clearly hear and understand those around her, but never speaks. I developed methods to tell Catherine's story by writing my own form of dialogue using my body language. Exaggerating my own physical features, I was able to get closer to the pain Catherine was experiencing. With extensive preparation and physical character exploration, I was able to bring this mute character to the stage.

Efnisyfirlit

Inngangur	bls. 6
1. Katrín dumba dóttir Mutter Courage.....	bls. 7
2. Bertolt Brecht	bls. 8
3. Aðferðir og mín túlkun.....	bls. 10
4. Mitt handrit.....	bls. 13
Að lokum.....	bls. 15
Heimildaskrá.....	bls. 16

Inngangur

Útskriftarbekkur leikarabrautar í Listaháskóla Íslands lagði fyrir sig verkið Mutter Courage eftir Bertolt Brecht, undir leikstjórn Mörtu Nordal.

Brecht hafði mikil áhrif á listir og leikhús í hinum vestræna heimi og var hann eitt af áhrifamestu leikskáldum 20. aldar.

Það sem er áhugavert við mitt hlutverk í verkinu og þessari uppfærslu er að ég leik Katrínu dumbu dóttur Mutter Courage, aðalpersónu verksins. Ég er ekki einungis eini karakterinn sem er mállaus heldur er ég líka eini leikarinn sem er í sama hlutverkinu yfir allt verkið.

Í þessu ferli hef ég lært gífurlega margt. Það erfiðasta og árangursríkasta er að hef þurft að rýna vel í verkið, textann og gjafir meðleikara minna. Ég hef lært að semja minn eigin texta því þó ég segi engin orð þá er ég í stöðugu samtali og hlustun á sviðinu.

Í þessari rannsakandi greinargerð mun ég fara yfir vinnuaðferðir mínar ásamt ferli leikhópsins. Ég mun leggja áherslu á að skoða hvernig maður semur sínar eigin línur sem mállaus leikari til að eiga samt sem áður í stöðugu samtali við samleikara sína. Hvernig skapar maður karakter með líkamanum og hvernig velur maður hvar áherslurnar liggja fyrir verkið í heild sinni?

Ferðalagið mitt hófst á því að vinna gjarðir mínar og túlkun út frá texta annarra karaktera. Þar næst fann ég aðferðir til þess að skapa sögu Katrínar í verkinu með því að semja minn eigin texta með líkamanum.

1. **Katrín dumba dóttir Mutter Courage**

Verkið Mutter Courage gerist í 30 ára stríðinu þar sem styrjaldir réðu yfir mörgum Evrópulöndum í áratugi. Aðalkarakterinn Mutter Courage er eldri kona sem ferðast um með söluvagninn sinn og lifir á stríðinu við að selja varning. Hún á þrjú börn, Eilíf, Svissost og Katrínu Haupt sem er hálf þýsk en mállaus. Katrín fylgir Mutter lengst af út verkið en hún fær nokkrar senur skrifaðar í handritinu sem eru heldur táknrænar. Það er að segja ef leikstjórinn velur að gera eitthvað táknrænt úr senunni. Í mínu hlutverki sem Katrín þurfti ég að finna út hvernig minn karakter bregst við og hagar sér út frá texta sem er skrifaður fyrir aðra. Um leið hef ég sem framleiðinn og skapandi leikari fengið að koma með ýmiss tilboð. Ég lagði fram breytingatillögur til að bæta við útfærsluna ásamt því að víkka sýn áhorfandans á eina mállausa karakterinn í verkinu. Um það mun ég fjalla um í greinargerðinni.

Í byrjun verksins spáir Mutter fyrir dauða allra barna sinna fyrir hendi stríðsins. Það er stórt tákn í verkinu þar sem sagt er við Mutter í byrjun verks: „Ef stríðið skal þig næra, þú verður fórn að færa“. Það er gefið í skyn að þeir sem lifa stríðið af komast ekki heilir út úr því. Enda rætist spádómur hennar Mutter stendur hún ein eftir lifandi í lokin. Þar með byrjar verkið á því að sjá fyrir endanum.¹

¹ Brecht, „Mutter Courage og börnin hennar”, 2-104.

2. Bertolt Brecht

Höfundur verksins var einn af megináhrifavöldum leikhúsanna á 20. öld. Brecht skrifaði Túnskildingsóperuna sem sló í gegn árið 1928 fyrir valdatöku nasismans en hann flúði land og fór til Bandaríkjanna þar sem hann starfaði um tíma. Brecht samdi oft verk sín upp úr gömlum verkum og þá í samvinnu við tónskáldin Kurt Weill, Paul Dessau og Hans Eisler. Fagurfræði Brechts hefur skýr einkenni og sefjunarkraftur þeirra verka sem hann síðar samdi var annars konar en menn höfðu átt að venjast. Leið Brechts til heimsfrægðar var þó sígandi en tímamót á þeim ferli urðu þegar Berliner Ensemble sýndi Mutter Courage í Théâtre des Nations, Leikhúsi Þjóðanna, sem alþjóðasamtök leikhúsanna höfðu komið á stofn. Þetta var árið 1954, tveimur árum fyrir lát Brechts. Áhorfendur tóku eftir að hér var eitthvað nýtt að sjá í vestrænu leikhúsi. Áhorfandinn upplifði ekki sterkar tilfinningar og samsömun með persónunum, líkt og hjá Stanislavski. Menn voru stöðugt minntir á að þeir voru í leikhúsi á þann máta að leikarar virtust hlaupa út undan sér eins og leikararnir væru að ræða við áhorfendur um framferði þeirra persóna sem þeir túlkuðu en það var einmitt meiningin. Þarna varð til hugtakið Verfremdung (framandgerving) í leikhúsinu. Brecht krafðist þess að áhorfandinn tæki nánast vitsmunalega afstöðu til þeirrar sögu sem verið var að segja og þar með draga af henni lærdóm.²

„Mamma kjarkur þrammaði áfram með vagninn sinn í leikslok og hafði ekki skilið að þetta stríð sem hún ætlaði að hagnast á, var það sem hafði rænt hana börnum sínum og öðru því sem henni var kærast.“³

Þessi setning nær vel utan um verkið og um það sem Brecht var í raun að benda á. Mamma kjarkur eða Mutter Courage er sterk kvenpersóna sem áhorfendur fylgja í gegnum sýninguna og sjá hvernig hún fer að því að lifa stríðið af með því að hagnast á því. Hún missir öll börnin frá sér og lendir í ýmsum áföllum á vegum stríðsins, en þrátt fyrir það heldur hún alltaf áfram með söluvagninn sinn. Það virðist sem hún fari í afneitun við þeirri staðreynd að hún hefur tapað á stríðinu frekar en grætt. Með því móti vekur Brecht margar spurningar hjá áhorfendum varðandi stríð. Til dæmis má spyrja sig, hvers vegna stríð og vitum við fyrir víst hverjir raunverulega græða á stríðum og styrjöldum?

Bertolt Brecht hefur verið nauðsynlegt afl inn í hið vestræna leikhúslíf síðustu aldar. Hann flúði heimaland sitt þar sem stríð reið yfir. Ég lít svo á að hann hafi þar með fengið aðra sýn á stríðið og jafnvel fengið innblástur fyrir skrifum á Mutter Courage. Mér

² Sveinn Einarsson, „XII Straumar og stefnur á tuttugustu öld“, 208.

³ Sveinn Einarsson, „XII Straumar og stefnur á tuttugustu öld“, 209.

þykir áhugaverðast að inn í verkið skrifar hann eina kvenpersónu sem er mállaus og það vegna stríðsins. Í handritinu kemur í ljós að það er einmitt mállausi karakterinn sem er alltaf tilbúinn að bjarga öðrum og að standa upp fyrir þeim sem minna mega sín. Að sama skapi verður sá karakter einmitt fyrir mesta barðinu og lætur lífið við það að bjarga heilu þorpi.

Ég fékk það krefjandi hlutverk að leika Katrínu, mállausu dóttur Mutter Courage í þessari uppfærslu eftir Brecht. Til þess þurfti ég að vinna mikið með líkamann þar sem ég hafði engin orð til stuðnings en margar tilfinningar sem koma þurfti til skila.

3. Aðferðir og mín túlkun

Þar sem ég var eini leikarinn sem var í sama karakternum allan tímann þá hafði ég mun meira frelsi til þess að þróa karakterinn, búa til sögu og leyfa honum að breytast með aðstæðum verksins. Katrín þróaðist andlega en aðallega líkamlega í gegnum sýninguna. Það er að segja að hún varð meira og meira fyrir áhrifum stríðsins og átti erfiðara með að halda lífi því meira sem leið á verkið. Ég vann mikið með Katrínu í líkamlegum tengslum við mig sjálfa, þar okkur saman og fann hvaða eiginleika ég gat tekið frá mér til þess að auka charactersköpun Katrínar. Sem dæmi má nefna tók ég mína eigin líkamlega áverka og notaði í túlkun á karakternum.

Katrín er persóna sem hefur upplifað stöðugt áreiti, líkamlegt og andlegt ofbeldi. Hún hefur upplifað mörg áföll (e. trauma) vegna stríðsins og verið brotin niður á meðan hún leggur sig alla fram til þess að hjálpa næsta manni. Í fyrstu senunni þegar stríðið er nýlega byrjað og Mutter ferðast með vagninn sinn, þá er Katrín ung og er hvað hraustlegust. Ég þróaði Katrínu þannig að hún hermir mikið eftir stellingum og líkamsbeitingu móður sinnar. Jafnvel hagar hún sér dýrlega þar sem hún getur ekki talað og hefur snöggar og liprar hreyfingar sem bregðast við öllu sem er að gerast á sviðinu. Því sem á líður eldist Katrín og þroskast, ásamt því að hún fer að tengjast móður sinni minna þar sem þær greinilega hafa ólíkar áherslur gagnvart stríðinu.

Mín túlkun var sú að þær mæðgur áttu í stöðugu stríði. Mutter vildi græða á stríðinu en á meðan vildi Katrín bjarga heiminum. Í seinustu senunni fyrir hlé áttu þær í ósættum varðandi stríðið vegna þess að Mutter hafði lofað Katrínu í gegnum árin að hún myndi eignast mann þegar stríðinu tæki enda en sjálf vildi Mutter ekki að því lyki. Þá sendir Mutter dóttur sína eina að sækja vörur og á leiðinni til baka er ráðist á Katrínu svo alvarlega að hún fær varanlegt ör á andlitið.⁴ Það verður enn frekari staðfesting á því að Katrín muni aldrei eignast mann og þar af leiðandi aldrei eignast börn en hún elskar öll börn sem verða á vegi hennar og dreymir um að eignast slík.

Eftir þetta atvik er Katrín mjög illa farin. Hún verður hokin, haltrar á hægri fæti, sér illa og gefur frá sér nánast engin hljóð. Hún talar þó við Mutter í gegnum bjöllupoka sem hún hristir. Því verr farin sem hún er orðin því meiri byrgði er hún og það veit Katrín. Hún heyrir allt sem talað er um, sérstaklega varðandi hana. Hún skilur allt, því hún er alls ekki illa gefin. Í níundu senu býður annar karakter, sem kallaður er kokkurinn, Mutter færi á að

⁴ Brecht, „Mutter Courage og börnin hennar”, 62-70.

koma með sér heim og vonandi lifa betra lífi en með því skilyrði að Katrín yrði skilin ein eftir. Þá tók Katrín þá ákvörðun að hlaupast á brott frá Mutter til þess að standa ekki í vegi fyrir því að móðir hennar gæti lifað góðu lífi með kokkinum. Sú tilraun tekst ekki þar sem Mutter nær Katrínu áður en hún nær að láta sig hverfa. Þær halda tvær áfram með vagninn.⁵

Sýningin endar á því að Katrín drýgir hetjudáð þar sem þær mæðgur voru staddar rétt fyrir utan lútherska bæinn Halle. Þegar hermenn mæta á svæðið og ætla að drepa hvern mann í bænum á meðan fólkið sefur, þá tekur Katrín til örþrifaráða. Hún fer með trumbu upp á vagninn og byrjar að slá og æpa. Það er til þess að vekja fólkið og vonandi bjarga mönnum og börnum frá slátruninni. Björgunin heppnast en hermennirnir skjóta Katrínu niður um leið. Í þessari senu sést Katrín nota alla þá orku sem hún getur mögulega gefið, hún virkar sterkleg og einnig reynir hún að mynda orðið „vakna“. Þannig að eftir að hafa verið orðin hræðilega veikburða þá endar hún á að breytast í mikla hetju sem síðan fellur fyrir góðverkum sínum.⁶

Þar sem fyrsta táknmálið var ekki fundið upp fyrr en á 17. öldinni, þá fór ég ekki í það að skoða táknmál. Ég hugsaði sem svo að Katrín hefði þróað með sér táknmál sem hún tileinkaði sér meira og meira í gegnum ævi sína og þá verkið sjálft. Hins vegar var tekin út sú sena í verkinu þegar Katrín sést vera að þróa táknmálstungumálið sitt þannig að það endaði með að verða ekki eins stór partur af ferðalagi mínu í leiktúlkuninni.

Tónlistin í verkinu var lifandi og var öll spiluð á sviðinu sjálfu. Tónlistarsmiðurinn og píanistinn var með okkur í leikhópnum og var hann á sviðinu allan tímann. Leikhópurinn hjálpaðist við að spila með og/eða brjóta upp senur með trommuslætti og tónlist. Ég fékk fljótlega í ferlinu að taka mikinn þátt í hljóðfæraleiknum og spilaði á rafmagnshljóðfæri (e. synthesizer). Tónlistarsmiður þessarar uppfærslu, kenndi mér lögin sem ég átti að spila og var það mjög þakklátt fyrir hönd Katrínar þar sem hún fékk að njóta sín og tjá sig örlítið með tónlistinni. Þá kom líka bjallan til sögu, bjallan sem Katrín tjáir sig með allt við Mutter eftir hlé.

Ég vann mest líkamlega að karaktersköpun minni og túlkun. Ég skoðaði fyrst og fremst mig sjálfa, leikkonuna Raket Ýr Stefánsdóttur og hennar líkamlegu einkenni til þess að þróa karakterinn Katrínu. Ég þurfti að leggja mikla bakgrunnsvinnu í karaktersköpunina og gaf mér ýmsar staðreyndir hvers vegna hún gæti verið mállaus. Ef Katrín yrði greind í

⁵ Brecht, „Mutter Courage og börnin hennar”, 86-93.

⁶ Brecht, „Mutter Courage og börnin hennar”, 95-102.

dag mætti líklega greina hana með kjörþögli (e. Selective Mutism). Kjörþögli er kvíðaröskun sem einkennist af því að manneskja sem kann að tala, talar ekki utan heimili síns eða við ákveðnar félagslegar aðstæður. Þessi röskun finnst yfirleitt hjá börnum og stendur yfir í meira en einn mánuð. Þau skilja talað mál og hafa frelsi til þess að tala en eru treg til þess og finna jafnan fyrir hræðslu, feimni eða kvíða.⁷

Katrín hefur þurft að þola mikil áföll en Mutter segir frá því að hermaður réðst einu sinni á hana og að Katrín hafi ekki talað eftir það. Í handritinu kemur óvenju oft fram að Katrín sé mállaus og óvinnufær. Þannig að fyrir mér hefur hún lítið val nema að vera mállaus eða það að hún hefur sjálf kosið að hætta að tala sem gæti verið einhverskonar varnarviðbragð.

Hún hefur öll einkenni og allt bendir til þess að hún þjáist af kjörþögli. Sú kvíðaröskun viðhelst sérstaklega ef hún hefur ekki fengið örvun frá umhverfi sínu eða móður til þess að reyna að tala. Móðir hennar tónglast sífellt á því í gegnum verkið að hún sé mállaus og þykir það betra því þá þarf Mutter ekki að hafa áhyggjur af því að hún tali af sér. Það mætti jafnvel halda að Mutter hafi gert Katrínu mállausa til þess að hún kæmi sér ekki í vandræði.

Bókin *Ég vil líka lifa* eftir Ednu Hong, er frásögn af raunverulegum atburðum. Hún fjallar um fatlaðan, vannærðan og mállausan, ungan dreng sem vaknar smátt og smátt til lífsins. Hann lærir að tala og lesa og nær valdi yfir líkama sínum þegar hann kynnist kærleika og umhyggju í fyrsta sinn á ævinni. Í þessari bók kemur skýrt fram að örvun þarf að eiga sér stað til þess að ýta undir framfarir á þessu sviði, líkt og Katrín hefði þurft til þess að hún gæti tileinkað sér aftur tjáningu í gegnum orð.

„Það varð stökkbreyting á Gunther sjálfum. Áður hafði hann verið feiminn og óframfærinn. Nú var hann miklu öruggari með sig og jafnvel svolítið stoltur. Hann fór að trúá því, að Guð hefði ákveðinn tilgang með líf hans. Og í viðræðum sínum við hina drengina uppgvötaði hann, að hann stóð þeim fyllilega á sporði að skilningi, og stundum jafnvel nokkru framar.“⁸

Mín túlkun á þessari sterku en á sama tíma brotnu kvennpersónu varð að mestu leiti líkamleg. Án orða fór ég í líkamlegt ferðalag með Katrínu til þess að læra að skilja hana og skýra um leið leiktúlkunina sem ég þurfti að skila af mér.

⁷ Selective Mutism Foundation, Inc., What Is Selective Mutism?

⁸ Hong, „Einskis virði“, 77.

4. Mitt handrit

Öll vitneskjan mín sem ég hafði um Katrínu var í leiklýsingum og í texta annarra karaktera. Þess vegna þótti mér mikilvægt að rýna ítarlega í handritið til þess að leita þeirra upplýsinga sem mögulega hægt var að finna um karakterinn minn.

Það er óhjákvæmilegt að leita ekki inn á við þegar maður vinnur með túlkun á mállausum karakter. Það krefst þvífíkrar þolinmæði að leika karakter sem er í stöðugri hlustun, þó svo að það er einmitt það sem leikarinn á alltaf að vera að gera. Katrín varð fljótlega að eina karakternum sem var alltaf á sviðinu og sú eina sem var alltaf föst í heiminum sem verkið gerist í. Hún var t.d. alltaf í sama búningnum sem einkenndi árin 1624-1636. Sem sagt eina persónan sem sýnir sannar tilfinningar. Henni er annt um aðra, hvort sem það er fjölskylda hennar, hermenn eða ókunnugir. Það má bæði lesa úr handritinu sjálfu og túlkuninni minni.

Karakter sem er jafnan misskilinn og hefur ekki sömu tækifæri og aðrir í umhverfi sínu verður oft út undan og missir af félagslegum tengslum. Svona einstaklingar þurfa oft að lúta mikilli einveru en þeim fylgir mörgum mikil yfirvegum. Þeir hafa tækifæri til þess að taka eftir hlutum sem öðrum myndu yfirleitt yfirsjást.

Ég fékk mikinn innblástur frá skrifum Helen Keller en hún átti merkilega ævi sem bæði blind og heyrnalaus. Hún lýsir fyrstu árum ævi sinnar þegar hún þreifaði sig meðfram trjágarðinum með snertingunni og lyktarskyninu.

„Áður en kennari minn kom, var það vandi minn að þreifa mig meðfram limgirðingunni í garðinum, en ilmur blómanna vísaði mér veg, svo að ég fann fyrstu rósir og fjólur, sem sprungu út það vorið. Þangað leitaði ég einnig eftir reiðiköst mér til huggunar og kældi ásjónu mína í svölu grasi og blöðum trjáanna.“⁹

Það gaf mér meiri innsýn inn í hugarheim Katrínar sem kemur sér áfram með hlustun, snertingu og lyktarskyninu. Hún notar þó hljóð til þess að tjá sig en á erfitt með það.

Leikhópurinn skar mikið af efni út úr sýningunni. Við leitumst við að finna hvað væri það nauðsynlegasta sem þyrfti að koma til skila, hvar væru eintómar endurtekningar og annað ónauðsynlegt fyrir sýninguna. Þá fann ég hvað það getur verið vandasamt að henda út texta og senum úr handriti. Þar sem ég var að leika mállausa karakterinn þá hafði ég fundið tækifæri í handritinu til þess að bæta inn tilboðum, gjörðum og túlkunum. Ég áttaði mig fljótlega á því að ef einhver sleppti eða gleymdi textanum sínum, þá var hann

⁹ Keller, „Saga ævi minnar”, 9.

ekki endilega að missa texta heldur gat líka verið að Katrín var að missa sitt tækifæri fyrir túlkun á gjörðum. Því Katrín hefur fyrst og fremst mótleikara sína til þess að tala í gegnum og koma sinni túlkun til áhorfenda. Líkt og í þriðju senu þegar karakterinn Yvette syngur um horfna ást og ónotalegar nætur með hermönnum. Þá fékk ég gott tækifæri til þess að túlka félagslegt misræmi og vanþekkingu Katrínar. Á meðan Yvette söng þá hafði Katrín gaman af og dansaði með þeirri túlkun að hún lyti á nætur með hermönnum sem rómantíska sanna ást og umhyggju.¹⁰

Þar sem Katrín heyrir og hlustar á allt þá þurfti ég að vanda mig við leikinn. Á hverri sýningu varð Katrín að heyra allt í fyrsta skipti, hvort sem hún sýndi viðbragð við einhverju eða ígrundaði orðin. Ég fékk frelsi til þess að tjá mig með gjörðum og þá sérstaklega á þann máta að tvennir hlutir voru farnir að gerast í einu á sviðinu. Annað hvort var Katrín að bregðast við með gjörðum og eiga meðvitað samtál við aðra karaktera eða þá að Katrín birtist upp í mynd á sviðinu. Myndin gat bæði verið að ýta undir textann sem var verið að flytja eða þá að hún stangaðist á við textann og afhjúpaði meiningu hans. Dæmi um það er hvað skýrast í sjöttu senu þegar Mutter er með karakternum Herprestinum og er nýbúin að senda Katrínu að sækja vörur. Herpresturinn reynir að koma sér saman við Mutter, meðan í bakgrunn horfum við á skuggamynd af Katrínu þar sem verið er að ráðast á hana. Skuggamyndin gefur í skyn að hermaður hafi reynt að nálgast Katrínu kynferðislega. Þar með eru tvær tvíræðar sögur í gangi á sviðinu en Katrín verður fyrir mesta áfallinu þar sem hún er með varanlegt ör á andlitinu.¹¹

¹⁰ Brecht, „Mutter Courage og börnin hennar”, 27-28.

¹¹ Brecht, „Mutter Courage og börnin hennar”, 62-70

Að lokum

Mutter Courage er þungt og mikið verk sem fjallar um stríð. Ég lék hlutverk Katrínar dumbu dóttur Mutter sem hafði einungis líkamann til að tjá sig. Ég rýndi í textann sem skrifaður er í handritið fyrir aðra karaktera til þess að auka frekari karakterköpun og líkamlegar gjarðir. Á þann hátt hafði ég greiðari aðgang til að eiga í samskiptum við mótleikara mína án orða og ýta undir söguþráð verksins. Hlutverk sem þetta krefst mikillar þolinmæði, hlustun og framleiðni í leiktúlkun á sviðinu. Í ferlinu fékk ég að njóta mín sem framleiðinn og skapandi leikari. Ég kom óspart með tilboð til að bæta við útfærsluna og auka enn frekari túlkun á karakterinn. Ég notaði tímann minn vel í að hlusta á senurnar sem voru að fæðast í æfingaferlinu og ígrundaði vel hvernig ég sem Katrín gæti átt samtal við mótleikara mína án orða. Ég lærði það að ef skorinn var út texti, þá var ekki einungis mótleikari minn að missa texta heldur gat líka verið að Katrín var að missa færi á upplýsingum eða túlkun. Mótleikararnir eru hlutverki Katrínar mikilvægir. Þeir taka mikinn þátt í að koma sögu hennar til skila og þarf af leiðandi skýra túlkun hennar til áhorfenda.

Katrín tók andlegri og líkamlegri þróun í gegnum verkið og á þann hátt sagði hún sína sögu. Hún breyttist úr að vera ungleg og hraust yfir í særða og illa farna konu. Verkið gerist í stríðinu og má segja að hægt hafi verið að fylgja því eftir með líkamsbreytingu Katrínar. Einnig túlkaði ég hana með kvíðaröskunina kjörþögli. Þá hafa áföll stríðsins og skortur á örvun frá umhverfi hennar, ýtt undir það að hún hætti að tala. Það að missa röddina og þar með málfrelsið er mikil sögn, sérstaklega vegna afleiðinga stríðs. Ég valdi vel senuna þar sem ég lét heyrast sem Katrín myndi mögulega tala. Það var í lokasenunni þar sem hún er að reyna að vekja fólkið og er næstum búin að mynda orðið „vakna“ þegar hún er skotin niður og lætur lífið. Þá er röddin endanlega tekin af henni.

Katrín varð að eina karakternum sem sýndi tilfinningar og þróaðist yfir verkið. Hinir leikararnir í leikhópnum skiptust á að skipta um karaktera og búninga á sviðinu á meðan Katrín var föst í stríðinu allan tímann. Þeir hjálpuðu við að gera ferðalag Katrínar leikbært og skýrt. Það má segja að í þessari uppfærslu er Katrín, mállausi karakterinn í verkinu, rödd allra sem þurfa að þola stríð og rödd verksins.

Heimildaskrá

Bertolt Brecht. „*Mutter Courage og börnin hennar*“, í þýðingu Ólafs Stefánssonar.

Óútgefið handrit, október 1965.

Hong, Edna. *Ég vil líka lifa*. Reykjavík: Bókaútgáfan Salt hf, 1981.

Keller, Helen. *Ævisaga mín*. Reykjavík: Bókaútgáfan Háafell, 1947.

"What Is Selective Mutism?" Selective Mutism Foundation, Inc. 24. maí 2019.

<https://www.selectivemutismfoundation.org/knowledge-center/what-is-selective-mutism>

Sveinn Einarsson. *Leiklistin í veröldinni: Árgrip af almennri leiklistarsögu*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2007.